

## Jafnréttisáætlun Hulduheima

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Skólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

**Framkvæmdaáætlun er gerð fyrir hvert skólaár í senn og kemur hún fram í starfsáætlun leikskólans.**

## Starfsfólk

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að ekki sé kynbundin launamunur fyrir sömu störf. Að ekki sé kynbundin mismunur á kjörum starfsfólks.	Að laun séu gerð opinber og farið sé eftir kjarasamningum. Störf innan leikskólans eigi að vera kynlaus. Leiðbeina starfsfólki að lesa úr launaseðlum. Fá leiðsögn um fríðindi starfsmanna út frá kjarasamningum. Umræða um jafnrétti á að vera hluti af daglegu skipulagi innan leikskólans þar sem börn fái fræðslu um kynjajafnrétti. Að við séum öll jöfn óháð kyni.	Ábyrgðin er okkar allra innan leikskólans. Leikskólastjóri, starfsmannahópurinn, Trúnaðarmenn og stéttarfélag. Ráðuneyti, launadeild Reykjavíkurborgar og stéttarfélag.	Allt skólaárið og endurmeta að vori.
Að báðum kynjum standi lausum störfum til boða	Að það sé haft í fyrirúmi að auglýst sé eftir hæfum einstaklingi, óháð kyni, til starfa.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Þegar þörf er á að auglýsa lausar stöður.
Jafna kynjahlutfallið innan starfsmannahópsins.	Þegar ráðið er í lausa stöður að horft sé til menntunar, starfsreynslu og hæfni óháð kyni.	Leikskólastjóri og allur starfsmannahópurinn bera ábyrgð á	Þegar þörf er á. Allt skólaárið þarf að hafa

	Vinnuumhverfi þarf að höfða til beggja kynja.	vinnuumhverfi Hulduheima.	vinnuumhverfið í huga.
Að allir sem vinna sambærileg störf eiga að hafa jafnan aðgang að endurmenntun sem og starfsþjálfun, óháð kyni.	Upplýsingaflæði innan leikskólans þarf að vera gott. Að allir búi yfir jöfnum tækifærum til að eiga möguleika á endurmenntun og starfsþjálfun.	Leikskólastjóri, deildarstjórar og Trúnaðarmenn. Einnig er það á ábyrgð starfsmanna að taka ábyrgð á því sem í boði er hvað varðar endurmenntun.	Allt skólaárið.
Að efla þekkingu starfsfólks á kynjafræði.	Að nýta starfsdaga til að fá fræðslu frá fagaðilum um kynjafræði fyrir starfsfólk leikskólans.	Leikskólastjóri og stjórnendateymi skólans.	Reglulega, tveggja – þriggja ára fresti.
Að samræma starfskyldur og ábyrgð starfsfólks gagnvart fjölskyldum sínum.	Að vera meðvituð um starfsálag, t.d. undirmönnun. Að dreyfa ábyrgð, nýta mannauðinn. Að reyna að koma til móts við starfsfólk þegar það þarf að sinna fjölskyldu sinni.	Leikskólastjóri, og stjórnendateymi leikskólans. Ábyrgðin er á starfsmannahópnum	Allt skólaárið.

	<b>Að starfsfólk reyni að vera sveigjanlegt. Sýna umburðalyndi og tillit gagnvart samstarfsfólki.</b>	<b>en leikskólastjóri er með endanlega ábyrgð.</b>	
<b>Að stuðla að fordómalausum umhverfi innan leikskólans.</b>	<b>Að starfsmenn séu meðvitaðir um sín viðhorf gagnvart fordómum. Að vinna með <i>Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær</i> með barnahópnum.</b>	<b>Leikskólastjóri og allur starfsmannahópurinn.</b>	<b>Allt skólaárið.</b>
<b>Að hafa kynjajafnrétti í huga þegar unnið er að stefnumótun og áætlunargerðum í skólastarfinu.</b>	<b>Í vinnslu á jafnréttisáætlun. Við námskrár- og starfsáætlunargerð. Þegar verið er að gera áætlanir að hafa í huga að það sé gert óháð kyni, bæði kyn geti unnir sama starf.</b>	<b>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans.</b>	<b>Allt skólaárið og þá sérstaklega við endurmat.</b>
<b>Að hindra það að starfsfólk verði fyrir kyndbundnu eða kynferðislegri áreitni. Einnig að hindra að starfsfólk verði fyrir hvers kyns ofbeldi.</b>	<b>Að í Hulduheimum séu opin og jákvæð samskipti með fræðslu og umræðu. Lögð er áhersla á að samskipti séu jákvæð, að starfsfólk finni fyrir sjálfstrausti og að lagt sé upp með hópefli fyrir starfsmannahópinn.</b>	<b>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans.</b>	<b>Allt skólaárið. Kynnt á starfmannafundi að hausti og síðan fylgt eftir allt skólaárið.</b>

<p><b>Að til sé viðbragðsáætlun of forvarnir gegn kynferðislegri áreitni, einelti, kynbundnu áreiti og öðru ofbeldi.</b></p> <p><b>Að starfsfólk leikskólans viti hvert það eigi að leita ef það verður fyrir ofbeldi eða áreiti.</b></p>	<p><b>Starfsmenn Hulduheima eiga að finna að á þá sé hlustað og að þeir skipti máli innan starfsmannahópsins.</b></p> <p><b>Þjóða upp á ýmsa fræðslu t.d. um kynferðislegt- eða kynbundið ofbeldi eða áreiti.</b></p> <p><b>Kynna þarf viðbragðsáætlun og forvarnir fyrir starfsmannahópinn.</b></p> <p><b>Í þeim áætlun á að koma fram hvert starfsmaður geti leitað ef hann verður fyrir einhversskonar áreiti, ofbeldi eða einelti.</b></p>		
---	--	--	--

## Nemendur

Markmið	Aðgerð/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að nemendur fái viðeigandi fræðslu hvað varðar jafnréttismál.	<p>Umræða um jafnréttismál í daglegu starfi innan leikskólans, þ.e. að öll börn eru jöfn, hafi sömu tækifæri. Allir hafi sama rétt, t.d. það mega allir klæðast bleikum fötum.</p> <p>Börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið, útfærslum og sköpun.</p> <p>Kennari þarf að vera góð fyrirmynd. Jafnréttisfræðsla má innleiða inn í daglegt starf innan leikskólans, í samverustundum, skipulagðar stundir eins og Lubbi (sem má vera í bleikum</p>	Allur starfsmannahópurinn. Endanleg ábyrgð er á deildarstjóra.	Er fléttað inn í allt starf leikskólans, t.d. Blær, <i>Vináttuverkefni Barnaheilla</i> og Lubbastundir.

	fötum) og í frjálsum leik barna.		
Að undirbúa barnahópin undir jafna þáttöku í samfélaginu, hvort sem er gagnvart fjölskyldum eða atvinnulífi.	<p>Að leikefniviður sé fjölbreyttur, sé ekki kynbundinn og henti ýmsum áhugasviðum barna.</p> <p>Vera til staðar í leik barna og grípa áhugasvið þeirra.</p> <p>Styðjast við kynjagleraugun þegar kemur að bókavali innan leikskólans.</p> <p>Hafa fjölbreytt úrval af barnabókum í leikskólanum.</p>	Allur starfsmannahópurinn. Endanleg ábyrgð er á deildartjórum.	Allt skólaárið.
Að efla sjálfvitund og	Að öll börn og allt starfsfólk leikskólans		

<p>sjálfstæði óháð kyni.</p>	<p>komi að mati á þáttum leikskólastarfsins. Þannig hafa allir áhrif á skipulag og umbætur í starfinu.</p>	<p>Deildarstjórar.</p>	<p>Við endurmat.</p>
<p>Að koma í veg fyrir að barnahópurinn verði fyrir ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða kynbundnu ofbeldi.</p> <p>Að í Hulduheimum sé aðgengileg forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi, einelti sem og öðru ofbeldi.</p>	<p>Að barnahópurinn fái viðeigandi fræðslu um hvernig setja eigi sjálfum sér ásamt öðrum mörk og styðjast við <i>Vináttuverkefni Barnaheilla Blær</i>.</p> <p>Efla barnahópinn í jákvæðum samskiptum og vináttu.</p>	<p>Leikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans.</p>	<p>Allt skólaárið.</p>



<p><b>Að barnahópurinn viti hvert eigi að leita ef óæskileg hegðun kemur upp eða ef þeir verða vitni að slíku.</b></p>	<p><b>Að barnahópurinn viti hvert eigi að leita ef óæskileg hegðun, ef barn verður fyrir fyrrnefndu ofbeldi eða áreitni, kemur upp eða ef þeir verða vitni að slíku.</b></p>	<p><b>Barnahópurinn fái viðeigandi fræðslu um hvert eigi að leita ef þeir verða fyrir eða verði vitni af ofbeldi, kynbundnu ofbeldi eða áreitni.</b></p> <p><b>Lesu reglulega bókina <i>Líkami minn</i>.</b></p>	<p><b>Stjórnendateymi leikskólans og starfsmannahópurinn.</b></p>
<p><b>Að allir foreldrar eða forráðamenn séu virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.</b></p> <p><b>Að allir foreldrar eða forráðamenn séu jafnir óháð kyni. Starfsfólk á að</b></p>	<p><b>Að starfsfólk sé meðvitað um að við komum eins fram við alla. Við erum hvetjandi fyrir foreldra eða forráðamenn til að verða virkir þátttakendur í leikskólastarfinu.</b></p> <p><b>Starfsfólk tekur tillit til aðstæðna hvers og eins einstaklings.</b></p>	<p><b>Allur starfsmannahópurinn og foreldrar. Deildarstjórar bera ábyrgð á sínu starfsfólki.</b></p>	<p><b>Allt skólaárið.</b></p>

<p><b>koma eins fram við alla.</b></p>	<p><b>Sjá til þess að allir fái sama viðmót frá starfsfólki.</b></p> <p><b>Hringja jafnt í feður og mæður þegar hringja þarf í foreldra þegar eitthvað við kemur barn þeirra.</b></p> <p><b>Samskipti við foreldra þarf að vera jöfn sem og upplýsingaflæði eins og aðstæður leyfa hverju sinni.</b></p>		
<p><b>Að leggja áherslu á að efla samskipti við börn og foreldra af erlendum uppruna.</b></p>	<p><b>Að upplýsingaflæði til foreldra af erlendu uppruna sé virkt með jákvæðum og reglulegum samskiptum.</b></p>	<p><b>Leikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans.</b></p> <p><b>Allur starfsmannahópurinn.</b></p>	<p><b>Allt skólaárið.</b></p>